



Borgarráð

Samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis

Lagt er til að borgarráð samþykki að gengið verði til samstarfs við Samhjálp sem lið í vetraráætlun um opnun neyðarskýla, með vísan í hjálagða tillögu sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 15. nóvember 2023. Áætlaður heildarkostnaður vegna þriggja mánaða vetraropnunar er 5,2 m.kr. en kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar er 56,6% af heildarkostnaði samstarfsins, eða 2.941.640 kr., og lagt er til að kostnaðurinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarhúsnæðis, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. nóvember 2023.

Drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Samhjálpur.



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis

Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis:

Lagt er til að gengið verði til samstarfs við Samhjálp sem lið í vetraráætlun um opnun neyðarskýla. Kaffistofa Samhjálpar verði opin fyrir heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir frá kl. 14:00-16:30 alla daga í desember 2023 og janúar og febrúar 2024. Ennfremur er lagt til að Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði boðin aðild að vetraropnuninni gegn hlutdeild í kostnaði. Áætlaður heildarkostnaður vegna þriggja mánaða vetraropnunar er 5,2 m.kr., sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og henni vísað til borgarráðs.

Aukin aðkoma annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir hefur verið til umfjöllunar innan Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Gert er ráð fyrir að tillaga um þátttöku sveitarfélaganna innan SSH í fyrirhuguðu samstarfi við Samhjálp verði lögð fyrir næsta fund stjórnar samtakanna þar sem sveitarfélögin skipti heildarkostnaðinum milli sín í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags. Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar miðað við slíkar forsendur er 56,6% eða 2.941.640 kr.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllt

Dís Sigurgeirsdóttir,
skrifstofustjóri,
skrifstofa stjórnarsýslu, velferðarsvið

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarhúsnæðis, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. nóvember 2023.

Drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Samhjálp.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis

Lagt er til að gengið verði til samstarfs við Samhjálp sem lið í vetraráætlun um opnun neyðarskýla. Kaffistofa Samhjálpar verði opin fyrir heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir frá kl. 14:00-16:30 alla daga í desember 2023 og janúar og febrúar 2024. Ennfremur er lagt til að Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði boðin aðild að vetraropnuninni gegn hlutdeild í kostnaði. Áætlaður heildarkostnaður vegna þriggja mánaða vetraropnunar er 5,2 m.kr., sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 18. október 2023 var lagt fram minnisblað um vetraráætlun í málaflokki heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Velferðarráð samþykkti svohljóðandi tillögu:

Velferðarráð felur velferðarsviði að útfæra tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs fyrir heimilisláust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir sem yrði opið í desember 2023 – febrúar 2024. Reynsla af þessari opnun yrði tekin saman til að nýta í áframhaldandi þróun úrræða fyrir þennan hóp fólks.

Í minnisblaðinu kemur fram að alls var neyðaráætlun vegna veðurs virkjuð 21 sinni síðastliðinn vetur. Á sama tíma höfðu neyðarskýlin greint frá mjög aukinni aðsókn. Einnig kemur fram:

Æskilegt sé að koma á fót tímabundnu dagsathvarfi fyrir karlmenn í desember og janúar þegar áætla má að neyðaráætlanir verði virkjaðar. Þjónustutími væri utan opnunartíma neyðarskýla og lögð áhersla á vinnslu mála á neyðarstigi. Félagráðgjafar á miðstöðvum sem sinna ráðgjöf við notendur í málaflokki heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir væru þar með fasta viðveru og óskað eftir samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök. Um væri að ræða tímabundna sprettavinnu til að fá góða vinnslu í mál en staðreyndin er sú að alltof margir notendur nýta neyðarskýli án þess að eiga húsnæðisumsókn eða eiga umsókn sem fangar ekki stuðningsparfir þeirra.

Velferðarsvið ákvað, sem lið í útfærslu á tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs, að eiga fund með framkvæmdastjóra Samhjálpar um mögulegt samstarf. Á grundvelli þess samtals hefur Samhjálp lagt fram samantekt og kostnaðaráætlun um breytingar á opnunartíma Kaffistofu Samhjálpar, frá 1. desember 2023 til og með 29. febrúar 2024. Áætlaður kostnaður við aukinn opnunartíma frá kl. 14:00-16:30 alla daga á tímabilinu er um 5,2 (fylgiskjal1).

Velferðarsvið telur tilboð Samhjálpar sanngjarnt. Eins og fram kemur í bréfi Samhjálpar er hægt að nýta tímabilið til mats á árangri og kortlagningar. Jafnframt gæfist ráðgjöfum aukið tækifæri



Reykjavíkurborg

til að hitta fólk í kaffistofunni og mögulega haft þar fasta viðveru eins og fram kemur í fyrrnefndu minnisblaði.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa látið í ljós áhuga á að koma að mögulegri vetaopnun sérstaks neyðarskýlis og ræða þarf aðkomu þeirra að opnuninni og kostnaðarhlutdeild.

Fylgiskjal:

Tilboð Samhjalpar vegna vetaopnunar kaffistofnunnar dags. 9 nóvember 2023.



**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni
105 Reykjavík**

Reykjavík, 9. nóvember 2023

Efni: Lengri opnunartími á kaffistofu Samhjálp, Borgartúni 1a, 1. desember 2023 - 29. febrúar 2024.

Fyrirkomulag

Lengd opnun verður á kaffistofu Samhjálp frá kl. 14-16:30 alla daga í desember 2023, janúar og febrúar 2024. Starfsfólk þarf þó að vera lengur til að ganga fram og vaktstjóri þarf eftir atvikum að vera til kl. 17:30 eða á meðan þrifteymi lýkur við sína vinnu.

Seinni parts vaktir verða skipaðar teymi fjögurra hverju sinni, ásamt því sem þrifteymi þarf nú að koma í lok dags. Tveir vaktstjórar skipta með sér vöktum og er annar þeirra ábyrgur fyrir teyminu hverju sinni. Tvískipt teymi sér auk þess um skráningar, áfyllingar á veitingar og kaffi ásamt uppvaski og frágangi. Þrifteymi sem mætir venjulega kl. 13:30 mun koma kl. 16 og vera til kl. 17:30.

Ætlunin er að bjóða kaffi, mjólk, djús, heita súpu og brauðmeti ásamt meðlæti á lengdum opnunartíma. Auk þess er hugmyndin sú að bjóða eitthvað til dægrastyttingar fyrir gesti kaffistofunnar á þessum tíma, svo sem eins og kvikmyndasýningar og vonandi tónlistaratriði á aðventunni. Þetta er þó gert án endurgjalds.

Áætlaður kostnaður

Beinn kostnaður við lengri opnun	Hver mánuður	Heildarkostnaður
Hiti og rafmagn	46.978 kr	140.938 kr
Laun og launatengd gjöld 1,9 stöðugildi	1.219.580 kr	3.658.739 kr
Kaffi og veitingar	207.698 kr	623.094 kr
Þjálfun starfsfólks, m.a. skyndihjálpar	58.769 kr	176.306 kr
Starfsauglýsing		55.000 kr
Umsýslukostnaður	155.122 kr	465.366 kr
Samtals kostnaður	1.688.147 kr	5.119.443 kr



Útskýringar

Kostnaður við hita og rafmagn miðast aðeins við þær klukkustundir sem um ræðir.

Ráða þarf aukafólk en eftir mikla yfirlegu og ítarlega útreikninga með það í huga að halda kostnaði í lágmarki, sjáum við að 1,9 stöðugildi nægja okkur til að hafa opið lengur. Að öðru leyti munum við nýta okkur að færa til starfsfólk og breyta vöktum þeirra sem fyrir eru.

Í launaútreikningum er gert ráð fyrir stórhátíðardögum í desember og janúar, en eins og kunnugt er, þarf nú að greiða 165% álag fyrir vinnu eftir kl. 16 á stórhátíðardögum skv. nýjstu kjarasamningum.

Gert er ráð fyrir að þjálfa þurfi nýtt starfsfólk í skyndihjálpi, m.a. í notkun Narcan, svo tryggja megi betur öryggi gesta.

Kostnaði við kaffi og veitingar ásamt umsýslukostnaði er haldið í algjöru lágmarki.

Mælanleiki á árangri

Talning og skráning gesta mun fara fram daglega. Þetta er mikilvægt svo mæla megi notkun og greina frá kyngreindum tölulegum upplýsingum um þá sem nýta munu þjónustuna.

Jafnframt verður gerð þjónustukönnun meðal notenda einu sinni í mánuði á þessu þriggja mánaða tímabili. Þá verður settur upp kassi þar sem notendur geta skrifað á miða og upplýst nafnlaust um ánægju eða komið með umbótatillögur.

Lógó allra sveitarfélaganna og Samhjalpar hér.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 Reykjavík; Kópavogsbær, kt. xx., heimilisfang; Hafnarfjarðarkaupstaður, kt., heimilisfang; Seltjarnarnes, kt, heimilisfang; Mosfellsbær, kt, heimilisfang og Samhjalp kt. heimilisfang gera með sér svohljóðandi

Samstarfsamning

um þjónustu Samhjalpar við heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir

1. gr.

Tilurð og markmið

Síðastliðinn vetur var neyðaráætlun vegna veðurs virkjuð 21 sinni hjá Reykjavíkurborg og opnunartími neyðarskýla borgarinnar þar með lengdur til að bregðast við vanda heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Til að tryggja að heimilislauðir með miklar og flóknar þjónustuparfir hafi öruggt athvarf þegar kólna fer í veðri hafa sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að ganga til samstarfs við Samhjalp, sem mun lengja opnunartíma kaffistofu Samhjalpar yfir köldustu vetrarmánuðina; desember, janúar og febrúar.

2. gr.

Þjónusta sem samið er um

Samhjalp mun lengja opnunartíma kaffistofu Samhjalpar þannig að hún verði opin fyrir ofangreindan hóp frá kl. 14:00 til 16:30 alla daga vikunnar frá 1. desember 2023 til og með 29. febrúar 2024.

Vaktir verða skipaðar teymi fjögurra starfsmanna hverju sinni. Tveir vaktstjórar skipta með sér vöktum og er annar þeirra ábyrgur fyrir teyminu hverju sinni. Starfsmenn sjá um skráningar, áfyllingar á veitingar og kaffi ásamt uppvaski og frágangi. Teymi er sér um þrif mætir daglega í lok vaktar.

Boðið verður upp á veitingar, s.s. kaffi, mjólk, djús, heita súpu og brauðmeti ásamt meðlæti á ofangreindum opnunartíma. Reynt verður að bjóða upp á afþreyingu, s.s. kvikmyndasýningar og mögulega tónlistaratriði á aðventunni.

Talning og skráning gesta mun fara fram daglega og verður um kyngreindar upplýsingar að ræða og upplýsingar um hvaða sveitarfélagi viðkomandi tilheyrir. Jafnframt verður gerð þjónustukönnun meðal notenda einu sinni í mánuði á ofangreindu tímabili. Þá verður settur upp kassi þar sem notendur geta komið upplýsingum bréflega til skila og upplýst nafnlaust um ánægju eða komið með umbótatillögur.

Starfsmaður frá VoR-teymi Reykjavíkurborgar mun mæta á kaffistofuna á ofangreindu tímabili, eftir atvikum daglega, og veita gestum ráðgjöf.

Nánar er vísað til þjónustu Samhjalpar í erindi Samhjalpar dags. 9. nóvember, sem er fylgiskjal með samningi þessum og hluti af honum. Ef ákvæði samningsins og fylgiskalsins fara ekki saman gilda ákvæði samningstextans.

3. gr.

Ábyrgð

Samhjalp ber ábyrgð á öllu því sem tengist rekstri á framlengdum opnunartíma kaffistofunnar, þ.m.t. starfsmönnum.

4. gr.

Lógó allra sveitarfélaganna og Samhjalpar hér.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Ofangreind sveitarfélög greiða Samhjalp samtals yfir samningstímann kr. 5.200.000 (fimm milljónir og tvö hundruð þúsund) fyrir ofangreinda þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir. Greiðslur sveitarfélaganna eru greiddar í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags eða nánar tiltekið sem hér segir:

Reykjavík, 139.875 íbúar,	kr. 2.941.640.
Kópavogur, 39.810 íbúar,	kr. 837.200.
Hafnarfjörður, 30.568 íbúar,	kr. 642.720.
Garðabær 18.891 íbúi,	kr. 397.280
Mosfellsbær 13.430 íbúar,	kr. 282.360
Seltjarnarnes 4.674 íbúar,	kr. 98.280

Greiðslur verða greiddar af hálfu hvers sveitarfélags til Samhjalpar í þremur jöfnum greiðslum í samræmi við ofangreinda sundurliðun, **1. janúar, 1. febrúar og 1. mars 2024**. Greiðslur skulu greiddar inn á reikning Samhjalpar í **xbanka: xxxx-xx-xxxxxx**

5. gr.

Samskipti samstarfsaðila

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum í gegnum tengiliði. Tilnefna skal einn tengilið frá sveitarfélögunum og einn frá Samhjalp í þessu tilliti. Tengiliður sveitarfélaganna er Hróðný Garðarsdóttir, deildarstjóri á Vesturmiðstöð. Tengiliður Samhjalpar er **Edda Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri.

6. gr.

Upplýsingagjöf og árangur

Samhjalp deilir með sveitarfélögunum tölfraði hvers mánaðar, þ.e. hversu margir nýttu sér þjónustuna, skipt eftir kyni og sveitarfélögum. Í lok samningstímans skilar Samhjalp heildartölum ásamt stuttri samantekt um gang verkefnisins.

7. gr.

Þagnarskylda og meðferð upplýsinga

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim. Starfsfólk Samhjalpar er bundið þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi. Þagnarskylda helst þó svo að samstarfi milli aðila ljúki og einnig þótt starfsfólk láti af störfum.

Við störf sín skuldbinda samningsaðilar sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

8. gr.

Uppsögn

Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst. Skal uppsagnarfrestur sveitarfélaga og Samhjalpar vera þrjú mánuðir.

9. gr.

Ágreiningur, vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila skulu þeir leitast við að jafna ágreining sinn. Ef um verulegar vanefndir er að ræða er hægt að krefjast tafarlausra úrbóta innan hæfilegs tímafrests. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er sveitarfélögum heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.

Samhjalp á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Lógó allra sveitarfélaganna og Samhjalpar hér.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

10. gr.
Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna óviðráðanlegara ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvers aðila samkvæmt samningnum.

11. gr.
Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

12. gr.
Breytingar á samningi.

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

13. gr.
Gildistími

Samningur þessi er tímabundinn og gildir frá 1. desember 2023 til 29. febrúar 2024.

Reykjavík xx. nóvember 2023

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Samhjalpar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarness